



Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Kópavogi 5. júní 2013

Varðar: Forval vegna sameiginlegs útboðs á akstri fyrir fatlað fólk og sameiginlegar reglur fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Á fundi stjórnar SSH 3. júní 2013 var fjallað um tillögu verkefnahóps v. undirbúnings útboðs á akstri fyrir fatlað fólk að fyrirkomulagi sameiginlegs útboðs á akstrinum.

Verkefnahópurinn leggur til að útboðið verði haldið í tvennu lagi, þ.e. fyrst verði haldið forval og síðan útboð meðal þeirra sem valdir verða eftir forvalið.

Stjórn SSH samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að útboðið verði unnið i samræmi við tillögu verkefnahópsins.

Samþykkt stjórnar SSH er því hér með komið á framfæri og óskað eftir eins skjótt afgreiðslu á henni og kostur er, í ljósi þeirra tímamarka um framkvæmd útboðs, samningagerð og upphaf aksturs sem tillagan felur í sér.

Meðfylgjandi er minnisblað verkfræðistofunnar Verkís frá 14. maí 2013 með tillögu og lýsingu á fyrirkomulagi útboðsins ásamt minnisblaði með tillögu að sameiginlegum reglum fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,


Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson